

## Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 30. september 2024 í máli nr. 116/2024

Kæruneftndina skipa í þessu máli lögmenirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

### I

#### Aðild og kröfugerð

Þann 18. ágúst 2024 barst kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X („sóknaraðili“), vegna ágreinings við fyrirtækið Y („varnaraðili“).

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili afhendi sér öll útboðs- og tilboðsgögn vegna fyrirhugaðra framkvæmda við fasteignina að [...]. Þá krefst sóknaraðili skaðabóta vegna þess tjóns sem húsfélagið að [...] hafi orðið fyrir vegna þjónustu varnaraðila.

### II

#### Niðurstaða

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Kæruneftndin tekur ekki til meðferðar ágreining sem fellur ekki undir gildissvið framangreindra laga.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála er markmið þeirra að tryggja neytendum aðgang að skilvirkri og faglegri málsmeðferð við lausn deilumála utan dómstóla. Lögin taka til ágreinings um samninga sem neytendur gera við seljendur um kaup á vöru eða þjónustu, sbr. 3. gr. Með neytanda er átt við einstakling sem kaupir vöru eða þjónustu gegn endurgjaldi, enda séu kaupin ekki gerð í atvinnuskyni, sbr. 1. tl. 1. mgr. 4. gr. laganna. Með seljanda er átt við einstakling, félag, opinberan aðila og aðra sem koma fram í atvinnuskyni og gera samninga við neytendur, svo og hvern þann sem í atvinnuskyni kemur fram í umboði eða fyrir hönd seljanda, sbr. 2. tl. 1. mgr. 4. gr. laganna.

Í 1. mgr. 16. gr. segir að neytendur geti óskað eftir úrskurði kæruneftndar vöru- og þjónustukaupa vegna ágreinings sem rís af sölu- eða þjónustusamningi. Með þjónustusamningi er átt við samning þar sem seljandi veitir neytanda þjónustu eða skuldbindur sig til þess og neytandinn greiðir eða skuldbindur sig til að greiða verð hennar, sbr. 4. tl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 81/2019. Í máli þessu liggur fyrir að varnaraðili og húsfélagið [...] gerðu með sér samning um gerð ástandsskýrslu, umsjón með útboði og eftirlit með framkvæmdum á ytra byrði fasteignarinnar [...] í mars 2023. Rekja má ágreining málsins til þessa þjónustusamnings. Þar af leiðandi er ekki um að ræða þjónustusamning á milli sóknaraðila og varnaraðila í skilningi laga nr. 81/2019 og er sóknaraðili því ekki réttur aðili að þessu máli. Ágreiningur máls þessa heyrir samkvæmt framangreindu ekki undir valdsvið kæruneftndar vöru- og þjónustukaupa. Kvörtun sóknaraðila er því vísað frá kæruneftndinni samkvæmt e. lið 1. mgr. 14. gr. laganna.

### III

### **Úrskurðarorð**

Kvörtun sóknaraðila, X, er vísað frá kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila, sbr. a. liður 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

---

Hildur Ýr Viðarsdóttir  
formaður

---

Hildur Leifsdóttir

---

Jón Rúnar Pálsson